



## *KKA – Akstursíþróttafélag*

*Akstursíþróttafélag vélsleða- og véhjólamanna á Akureyri*

*e mail: [th@ALhf.is](mailto:th@ALhf.is)*

*Vattagili 24, 603 Akureyri*

*sími: 892 9806, 460 9800, fax: 460 9801*

Bæjarstjórn Akureyrar  
b/t bæjarfulltrúa  
Ráðhúsinu  
600 Akureyri

Akureyri 15. Ágúst 2014

### **Efni: Álögð gjöld bæjarins á íþróttafélög.**

Ágæti bæjarfulltrúi,  
Efni bréfs þessa er að

1. óska eftir niðurfellingu gjalds sem Akureyrarbær lagði á KKA Akstursíþróttafélag.
2. óska eftir að fá að vita hver stefna Akureyrarbæjar er varðandi gjaldlagningu íþróttafélaga,
3. fá að vita hvernig framkvæmdin hefur verið
4. óska eftir að Akureyrarbæ ákveði að gjöld verði ekki innheimt af íþróttafélögum í framtíðinni.
5. að Akureyrarbær kynni betur íþróttastefnu bæjarins fyrir embættismönnum bæjarins og brýnt sé fyrir þeim að hún sé ekki til skrauts heldur eigi að fara eftir henni.

### **Forsaga málsins í stuttu máli:**

KKA fékk úthlutað svæði í Glerárhólum undir starfssemi sína. Svæðið hafði verið notað til malartöku. KKA lagaði svæðið og græddi það upp. Bókfærður kostnaður félagsins er margir tugir milljóna á þessum árum sem liðin eru frá því að félagið tók við svæðinu. Þó KKA hefði fengið svæðið fyrir starfssemi sína hélt malarnám engu að síður áfram á svæðinu. KKA sendi skipulagsdeild fyrirspurnir um það hverjir væru þar að verki, hverjir mættu stunda malarnám á svæðinu, varað var við hættum sem þetta skapaði fyrir KKA, sagt frá miklu óhagræði og kostnaði sem félagið varð fyrir vegna þess o.fl. Þessum bréfum var ekki svarað. Nú hefur ekkert malarnám farið fram á svæðinu í nokkur ár. Hins vegar var skilin eftir opin malarnáma. Malarnámið er aftan við motocrossbraut félagsins og er djúp og ljót slysaöldra, sem vatn safnast í. Eitt slys hefur orðið vegna hennar. Félagið hefur því á eigin kostnað smám saman verið að fylla upp í námuna með öllum ráðum. Þetta hefur tekið nokkur ár en það mun takast að lokum. Félagið ráðgerir svo að græða og móta landið þannig að þarna geti verið stæði fyrir áhorfendur.

Í vor óskaði skipulagsdeild Akureyrar eftir því, að félagið gerði áætlanir um verkframkvæmdir á KKA svæðinu en aðallega að félagið óskaði eftir leyfi til að halda áfram að fylla upp í námuna. Þetta gerði KKA.

Í framhaldi af því fékk KKA tvær rukkanir frá bænum, eina fyrir framkvæmdaleyfisgjaldi og hina fyrir byggingaleyfisgjaldi. KKA óskaði eftir niðurfellingu á þessum gjöldum. Greiðsluseðillinn fyrir framkvæmdaleyfinu var felldur niður. Hinn þ.e. fyrir byggingarleyfinu stóð eftir. Akureyrarbær er nú búinn að senda hann til innheimtu hjá Motus.

Erindinu um niðurfellingu gjalda var vísað til Péturs Bolla, skipulagsstjóra. Hann sagðist ekki hafa neina heimild til að fella þetta niður og vísaði málinu til Dan fjármálastjóra. KKA sagði Dan að félagið hefði ekki fengið neitt byggingarleyfi svo ekki væri hægt að innheimta slíkt hjá félaginu. Dan sagði að KKA ætti ekki að vera með „orðhengilshátt“ því þó bærinn talaði um byggingarleyfisgjald vissi KKA mæta vel að þetta ætti að vera framkvæmdaleyfisgjald. Dan sagði að KKA gæti fengið styrk frá öðrum aðila hjá Akureyrarbæ til að borga þetta gjald til Akureyrarbæjar. KKA rökstuddi þá að það ætti að fella þetta niður hvað svo sem bærinn vildi kalla þetta gjald. Dan sagðist ekki hafa heimild til þess fella niður gjaldið. Þess vegna leita ég nú til bæjarstjórnar með þetta erindi. Greiðsluseðillinn er upp á tæpar 60 þúsund krónur.

Ekki alls fyrir löngu var mér sagt að Akureyrarbær hefði sjálfur látið grafa námuna í land KKA sem KKA er núna að fylla upp í á eigin kostnað. Þetta hef ég sagt bæði skipulagsstjóra og fjármálastjóra bæjarins og hefur því ekki verið mótmælt þannig að ég reikna með því að það sé rétt.

### **Gjaldið og hvers vegna það á ekki að leggja það á KKA:**

Dan segir að bærinn sé að rukka framkvæmdagjald sem álagt er skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem hljóðar svo:

#### **20. gr. Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.**

□ Sveitarstjórn er heimilt að innheimta framkvæmdaleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, svo og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfis skyldum framkvæmdum. **Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu.**

...

Engu máli skiptir hvernig gjaldskrá Akureyrarbæjar er því hún má ekki ganga lengra en þetta ákvæði laganna. KKA hafði þegar staðið í þessum framkvæmdum um árabíl og framkvæmdirnar eru til að laga eftir Akureyrarbæ. Í raun ætti bærinn að gera þetta sjálfur á sinn kostnað. Bærinn hafði engan kostnað af útgáfu leyfis til KKA til að laga landið eftir bæinn. Heldur þvert á móti því Akureyrarbær sparar sér háar fjárhæðir við að leyfa KKA að vinna

þetta verk. Álagning gjaldsins er því augljóslega ekki í samræmi við ofangreint lagaákvæði og ber að fella niður.

Auk þess vísar KKA til þess augljósa; þ.e. ósanngjarnt er að bærinn rukki KKA um leyfi til að vinna verk sem bærinn ætti að vinna á sinn kostnað.

Ég vil gjarnan að framtíðarstefna sé mótuð í gjaldtökumálum þannig að svona nokkuð þurfi ekki að endurtaka sig í hvert einasta skipti sem KKA ákveður að vinna að þörfum málum á sínu svæði. Því vil ég bæta neðangreindu við.

Akureyrarbær hefur áður lagt gjöld á KKA, nefna má til dæmis háar fjárhæðir í gatnagerðargjöld o.fl. KKA hefur sótt um niðurfellingu gjaldanna og þau hafa ætíð verið felld niður.

1. Er hér um stefnubreytingu að ræða hjá bænum, þ.e. að fella ekki niður nein gjöld sem lögð eru á íþróttafélög?

Hér er um vinnu að ræða sem KKA er að framkvæma fyrir bæinn, þannig að í raun er hér um að ræða bæjarvinnu, þ.e. laga námu eftir Akureyrarbæ.

2. Rukkar bærinn sjálfan sig um framkvæmdaleyfi fyrir hvert einasta verk sem bærinn fer í?
3. Er bærinn tilbúinn til að laga malarnámuna eftir sig lögum samkvæmt á sinn kostnað?
4. Er Akureyrarbær tilbúinn til að borga KKA fyrir að hafa fyllt upp í námuna og áframhaldandi vinnu við það?

Sjálfbóðaliðar starfa á vegum íþróttahreyfingarinnar. Tími þeirra er takmarkaður. Að þurfa að eyða tíma í svona hluti, þ.e. slást við bæinn um ósanngjarnt gjald dregur mátt og orku úr mönnum. Þetta er vitanlega ágæt aðferð til að eyða íþróttastarfi í bænum, þ.e. taka af þeim peningana, orkuna og tímann sem hægt er að eyða í starfið og setja allt saman í hringavitleysu eins og þá sem þetta mál er allt saman.

5. Finnst bænum eftirsóknarvert að sjálfbóðaliðar eyði tíma sínum í þágu sameiginlegra markmiða þ.e. efla íþróttastarf, sbr. íþróttastefnu Akureyrarbæjar?
6. Hefur íþróttastefna bæjarins verið markvisst kynnt starfsfólki og embættismönnum Akureyrarbæjar og brýnt fyrir þeim að eftir henni skuli farið? Til dæmis að gera skuli íþróttastarfi hátt undir höfði, hjálpa til, vera jákvæðir, en forðast að eyða tíma íþróttahreyfingarinnar í óþarfa? Hlúa skal að íþróttastarfi og sérlega nýjum viðkvæmum sprotum í íþróttastarfi en kæfa þá ekki í kerfinu.

7. Finnst bænum tíma sjálfbóðaliða íþróttahreyfingarinnar vera vel varið við að sækja um styrki frá íþróttaráði Akureyrarbæjar til að greiða framkvæmdagjald til Akureyrarbæjar?

Fjármunir íþróttahreyfingarinnar eru takmarkaðir.

8. Er Akureyrarbær tilbúinn til þess að undanþiggja íþróttafélög leyfisgjöldum til bæjarins, eins og t.d. byggingarleyfisgjöldum, gatnagerðargjöldum, framkvæmdaleyfisgjöldum o.fl. sbr. t.d. gjaldskrá sem Akureyrarbær setti sér skv. skipulagslögum.

Akureyrarbær hefur val um þetta, hann getur haft þetta eins og hann vill. Það er enginn afsökun að segja „Computer says NO“ þ.e. tölvan prentar greiðsluseðla og við getum bara ekkert gert í því. Eða allir verða að borga gjöldin, sama hvort þeir eru íþróttafélög eða annað. Fordæmi eru til um almenna jákvæða mismunun og reyndar eru dæmi um að t.d. atvinnustarfssemi sé fengin inn á svæðið með lofordum um ýmiskonar niðurfellingu á gjöldum eða sköttum, ódýrari raforku o.s.frv.

Íþróttafélög eru hluti af bæjarkerfinu, þ.e. bærinn vill halda uppi þjónustu og laða að fólk til bæjarins. Íþróttastarfssemi er hluti af því. Íþróttastarf sjálfbóðaliða er því hluti af vinnu sem fer fram á vegum bæjarins eða fyrir Akureyrarbæ, sbr. íþróttastefnu bæjarins. Það er ekki röklegt að bærinn innheimti gjald fyrir að það eitt að leyfa sjálfbóðaliðum að vinna fyrir bæinn.

Íþróttafélög bæjarins fá rekstrarstyrki frá Akureyrarbæ.

1. Finnst bænum það vera vænlegt til árangurs að láta íþróttahreyfinguna fá peninga (með tilheyrandi skipulagi og kostnaði) en taka þá svo aftur með gjaldlagningu (með tilheyrandi kostnaði og skipulagi)?

Peningarnir ganga þá í hringi engum til gagns en með miklum kostnaði og fyrirhöfn fyrir Akureyrarbæ. Hægt er að láta peningana ganga í nokkra hringi þangað til þeir hverfa og hafa þá eingöngu verið til að viðhalda kerfinu án nokkurs gagns fyrir íþróttastarfið.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Hjaltason, hdl.

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA Akstursíþróttafélags.  
Afrit: ÍBA og aðildarfélög.